

ABS 320 BaseFlow Rapid

Efnislýsing

ABS 320 flotmúr er ódýr, dælanlegur hraðþornandi flotmúr sem er auðveldur í meðförum. Hentar sérstaklega vel þar sem þörf er á miklum afréttingum á gólfum í einni aðgerð, þar sem þykktir eru miklar og einnig þar sem þörf er á að móta vatnshalla t.d. undir flísar á baðherbergjum. Efnid er þurrefni í 25kg pokum sem er blandað vatni á byggingarstað. Endanlegt gólfefni má leggja eftir 2-8 daga. (Fer þó eftir þykkt, loftraka, hitastigi og öðrum aðstæðum.) ABS 320 er vottað af óháðum aðila sem er SP Sveriges Forsknings och Provningsinstitut, P og CE merkt og uppfyllir kröfur HusAMA um flotefni.

Notkunarsvið

ABS 320 flotmúr er sérstaklega ætlaður til afréttinga á gólfum í miklum þykktum, yfir hitalagnir, til að steypa í rásir, lagnagöt og undir önnur flotefni, s.s. Maxit 4150 og Maxit 4160.

Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi, og þarf að þola togkraft allt að 1,0 MPa.

Ef flota á yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírs-slípivél og lakkid mattað. Grunnið með Maxit Floor 4716 1:1, stráið þurru efni í blautan grunninn og kústið saman. Látið þorna og þá er undirlagið tilbúið undir flotun.

Grunnur

Grunna skal með Maxit Floor 4716 og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá leiðbeiningar um notkun við mismunandi aðstæður.

Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 14% eða 3,5 lítrar í 25 kg. poka. Blandið saman með hægengri borvél þar til viðunandi seigju er náð.

Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 35x68mm. Skal þá flotið í efninu vera 180-190mm. Athugið alltaf við flotprufu hvort efnid sé nægjanlega vel hrært.

Ásetning

Flotinu er dælt með þar til gerðri múr/flotdælu. Efnid er lagt fram og til baka eftir gólfinu í þeirri þykkt sem óskað er. Æskileg breidd á svæði er 5-8m. Á breiðari svæðum þarf að skilja að með svamplista. Draga þarf tenntan spaða eftir yfirborðinu til að losa um loft og koma í veg fyrir loftbólur.



Athugið

Ef flota á yfir ABS 320 þarf að líða 24-48 klst á milli umferða.

Eiginleikar ABS 320 Base Flow Rapid

Þykkt max:	100. mm
Þykkt min:	20. mm
Þrýstipól(EN 13813):	25. MPa
Beygjutogpól(EN 13813):	5. MPa
Togpól (28 dagar):	1. MPa
Flot (SS 923519):	180-190 mm
Brunaflokkun(EN13501-1):	A2fl s1
pH (í fullþurru gólfi):	11,0
Bindiefni:	Portlandsement
Fylling:	Natursandur
Vatnspörf:	14% (3,5L/25kg)
Efnisnotkun:	
5 mm þykkt:	9 kg/m ²
10mm þykkt:	18 kg/m ²
Gönguhæft eftir:	2-3klst
Fullþurt:	2-8 daga
Geymslupól:	6-12 mán. í þurri geymslu

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við flotið þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

MÚRBÚÐIN

Klettshálsi 7. 112 Reykjavík
Tel: 544-5470 Fax:554-1769
sala@murbudin.is